



Reykjavík, 31. ágúst 2018

SFS2018020018

143. fundur

HG/hhv

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni í kennslu- og tómstundafræðum

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi þann 13. september 2017 að veita árlega viðurkenningu fyrir meistaraverkefni í leikskólakennara-, grunnskólakennara- og tómstundafræðum sem eru unnin á vettvangi skóla- og frístundastarfs Reykjavíkurborgar og/eða hafa hagnýtt gildi fyrir framþróun formlegrar og óformlegrar menntunar í borginni. Veittar verða allt að tólf viðurkenningar árlega fyrir slík verkefni og verðlaun fyrir hvert verkefni eru 250.000 kr. Markmið þessara verðlauna er að auka hagnýtingu rannsókna í fagstarfi með börnum og unglingum í borginni, vekja athygli á skóla- og frístundastarfi í borginni og hvetja meistaraneina til að gera Reykjavík að vettvangi rannsókna, náms og starfs. Efnt verður til kynninga á verðlaunaverkefnum fyrir stjórnendur og starfsfólk skóla- og frístundasviðs.

Auglýst var í september 2017 eftir umsóknum vegna viðurkenninga sem veita á haustið 2018. Fjögurra manna dómnefnd, skipuð sérfræðingum í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs fór yfir umsóknir og valdi tólf verðlaunaverkefni. Lagt er til að eftirfarandi verkefni hljóti viðurkenningu skóla- og frístundaráðs haustið 2018:

1. Bjarni Þórðarson
Vinabönd - Þróunarverkefni um námskeið í vináttuþjálfun fyrir unglinga
Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild HÍ
2. Diljá Barkardóttir
Nám og kennsla um kynheilbrigði á unglingastigi séð frá sjónarhóli kennara
Kennaradeild HÍ
3. Guðbjörg Lóa Ólafsdóttir
„Milli steins og sleggju“ - Hindranir sem standa í vegi fyrir fullri þátttöku allra nemenda í efstu bekkjum grunnskóla að mati kennara
Uppeldis- og menntunarfræðideild HÍ
4. Hákon Sæberg Björnsson
„Dagurinn líður ótrúlega hratt og ég er alltaf kominn strax heim“ - Starfendarannsókn á notkun kennsluaðferðarinnar sérfræðingskápan þar sem nám nemenda fer fram í hlutverki
Kennaradeild HÍ

5. Katrín Pálsdóttir
Faglegt lærdómssamfélag milli leik- og grunnskólakennara í samreknnum skólum
Kennaradeild HÍ
6. Kriselle Lou Suson Jónsdóttir
Tungumálafjölbreytni hjá börnum á Íslandi: Tungumálastefna fjölskyldu þeirra og íslensk hljóðkerfisvitund
Kennaradeild HÍ
7. Kristín Þóra Guðbjartsdóttir
SKYNNJAÐU, UPPLIFÐU, NJÓTTU - Miðlun menningararfs og menning hversdagsins
Listkennsludeild LHÍ
8. Linda Rós Jóhannsdóttir
Lítum lengra - Sýn leikskólabarna á hlutverk leikskólakennara sem skrá athafnir þeirra
Kennaradeild HÍ
9. Ómar Örn Magnússon
Self-reported honesty and measured trust - An experiment in comparing head teachers' self-reported honesty and trust as measured in job satisfaction survey in compulsory schools in Reykjavík, Iceland.
University of Warwick, Centre for Education Studies
10. Sigurbaldur Frímannsson
„Börnin ráða sjálf ferðinni“ - Reynsla leikskólakennara af opnum efnivið
Kennaradeild HÍ
11. Sólveig Edda Ingvarsdóttir
„Við erum í forréttindahverfi“ - Starfsaðstæður og faglegt sjálfstæði kennara í grónum millistéttarhverfum
Uppeldis- og menntunarfræðideild HÍ
12. Tanya Helgason
„Hvernig tengist þetta stærðfræði?“ - Stærðfræðikennsla í fjölmenningsarbekk
Kennaradeild HÍ